

1.9.3 *Gjald vegna prófunar raffanga.*

Löggildingarstofu er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur raffanga greiða Löggildingarstofu fyrir slíkar prófanir samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

1.9.4 *Gjald vegna úrtaksskoðana Löggildingarstofu.*

Vegna úrtaksskoðana sem Löggildingarstofa lætur framkvæma á búnaði rafveitna og skoðana á innri öryggisstjórnun þeirra skulu rafveitur greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á búnaði stóriðjuvera sem kaupa eða framleiða raforku sem undanskilin er gjalddöku skv. 1. tölul. skulu eigendur þeirra greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á aðstöðu, búnaði og innri öryggisstjórnun rafverktaka skulu rafverktakar greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

1.9.5 *Innheimta eftirlitsgjalda.*

Gjalddagi rafveitueftirlitsgjalds er 15. dagur næsta mánaðar eftir solumánuð. Gjalddagi reikninga fyrir önnur eftirlitsgjöld skv. þessari grein eru 20 dagar eftir dagsetningu reikninga. Eindagi er 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færast eindagi á næsta virkan dag á eftir. Séu eftirlitsgjöld eigi greidd á eindaga falla á hæstu leyfilegir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Eftirlitsgjöld og dráttarvexti má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Ágreining um gjaldskyldu eða gjaldstofn skv. þessari grein má bera undir ráðherra orkumála.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 14. gr. laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996, 27. desember 1996, til að taka gildi við birtingu.

Viðskiptaráðuneytinu, 3. febrúar 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 660/1995 um vistunarmat aldraðra.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo: Aldraðir, sem eru með mjög brýna eða brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati og dveljast á öldrunarlækningadeildum í Reykjavík, skulu til jafns við aðra eiga aðgang að vistrýmum, sem ríkissjóður eða Framkvæmdasjóður aldraðra hefur kostað. Faghópur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um framkvæmd vistunarmats skal, að höfðu samráði við Reykjavíkurborg og öldrunarlækningadeildir í Reykjavík, setja reglur um ákveðið hlutfall vistrýma, sem þessir einstaklingar eiga forgang að.

